

FÉLA3FJ05

Búið til: Sat, 27 Apr 2013 17:52:33 GMT

Titill

Fjölmiðlar

Skammstöfun

FÉLA3FJ05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

félagsfræði

Viðfangsefni

Fjölmiðlar í ljósi félagsfræðinnar

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn fjallar um eðli og áhrif fjölmiðla sem félagslegs fyrirbæris og þá heimsmynd og hugmyndafræði sem þar birtist. Skoðað er eignarhald á fjölmiðlum, ritstjórn, starfsreglur og siðferðileg viðmið. Nemendur kynnst ólíkum eiginleikum mismunandi tegunda fjölmiðla og meta gagnsemi þeirra við að þjóna ólíkum hlutverkum. Sjónum verður sérstaklega beint að því hvernig fjölmiðlar rækja aðhalds- og eftirlitshlutverk sitt og vernda almannahagsmuni. Áhersla verður lögð á fréttir og fréttatengt efni og að nemendur meti á gagrýnninn hátt frammistöðu svæðisbundinna miðla, landsmiðla og erlendra miðla. Einnig verður hugað þeim breytingum sem eru að verða á fjölmiðlanotkun. Nemendur leggja drög að og vinna efni til birtingar í fjölmiðlum.

Forkröfur

A.m.k. 10 einingar í félagsvísindum á 2. þrep

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þörfinni fyrir traustar upplýsingar um samfélagið
- að upplýst umræða og skoðanaskipti eru forsenda lýðræðis
- helstu hlutverkum og áhrifavaldi fjölmiðla
- sérstöðu einstakra tegunda fjölmiðla og hvað þeir eiga sameiginlegt
- eignarhaldi á íslenskum fjölmiðlum, lagaumhverfi, starfsreglum og siðferðilegum viðmiðum
- rannsóknum á trúverðugleika og áhrifamætti íslenskra fjölmiðla
- mörkunum milli fréttu og auglýsinga eða markaðstengds efnis
- birtingarformi fordóma svo sem rasisma og sexisma í fjölmiðlum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina á milli hlutlægs og hlutdrægs fréttáflutnings
- meta trúverðugleika einstakra fréttamiðla
- koma auga á auglýsingakennda umfjöllun sem sett er fram undir öðrum formerkjum
- átta sig á tengslum eignarhalds við umfjöllun og efnistöð einstakra miðla
- velja og skipuleggja efni til birtingar í fjölmiðlum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leggja mat á trúverðugleika og upplýsingagildi efnis í fjölmiðlum
- meta hvernig íslenskir fjölmiðlar sinna eftirlits- og aðhaldshlutverki sínu
- gjalda varhug við fordómafullri umfjöllun í fjölmiðlum
- átta sig á og leggja mat á breytingar sem eru að verða á fjölmiðlaneyslu fólks og aðferðum fjölmiðla og upplýsingafyrirtækja við að ná til notenda
- afla og vinna efni til birtingar í fjölmiðlum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd